

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun og eyðingu dýraleifa í Dalabyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Dalabyggðar leggur á gjald til að mæta kostnaði við söfnun og eyðingudýraleifa í samræmi við lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt nr. 171/1995 um sorphirðu í Dalabyggð.

2. gr.

Förgunargjaldið byggir á fjölda búfjár á lögbýlum í sveitarfélaginu miðað við búfjárskýrslur Matvælastofnunar og verður innheimt með fasteignagjöldum. Miðað er við að dýrahæ séu sótt til bænda og annarra búfjäreigenda með skráðan bústofn og komið í viðeigendi meðhöndlun. Farin verður ein ferð í viku að jafnaði.

3. gr.

Gjald vegna hirðingar og eyðingar á dýrahæjum er innheimt af bújörðum, hesthúsum og öðrum aðilum sem eru með skráðan bústofn og er árlega sem hér á eftir segir (miðað við hausttölur ár hvert, upplýsingar frá Matvælastofnun). Eitt hross reiknast sem þrjár ær og einn nautgripur sem fimm ær:

a) Sauðfé ≤ 20	kr.	22.000
b) Sauðfé 21 – 40	kr.	42.350
c) Sauðfé 41 – 80	kr.	56.100
d) Sauðfé > 80	kr.	67.100

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt af sveitarstjórn Dalabyggðar 10. desember 2020 staðfestist hér með samkvæmt 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 10. desember 2020.

Kristján Sturluson
sveitarstjóri